

Fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þann 5. febrúar 2013 og hófst kl 17:00

Mættir: Ævar Rafn Marinósson formaður, Sigríður Gamalíelsdóttir, Indriði Þóroddson, Hafliði Jónsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Kosning varaformanns landbúnaðarnefndar.
Hafliði Jónsson var kosinn varformaður með 2 atkvæði. Sigríður fékk 1 atkvæði og Kristján var með 1 atkvæði.
2. Fjallskil 2012 uppgjör. Farið var yfir töfluna sem var búin til eftir að gangaforingjar skiluðu inn fjölda dagsverka úr hverjum göngum.
Ákveðið að senda skjalið út til allra sem lögð voru á fjallskil árið 2012 til yfirferðar og gefa aðilum vikufrest til að skila inn athugasemdir. Ef athugasemdir berast þá verða þær teknar fyrir á næsta landbúnaðarnefndarfundi. Stefnt verður að því að funda aftur í lok febrúar og í beinu framhaldi af því verða fjallskilin 2012 gerð upp.
3. Fjallskil 2013. Rætt um framkvæmd fjallskila árið 2013. Kallað eftir því hvor fundarmenn vildu koma á framfæri einhverjum tillögum að breytingum á fjallskilum. Nefndarmenn sammála um að mikilvægt sé að fara að undirbúa fjallskilin árið 2013 strax og vera tímalega með þau. Mikilvægt að reyna að ná sátt meðal bænda um framkvæmd fjallskila.
Samkvæmt fjallskilareglugerð er það hlutverk fjallskilastjóra að sjá um framkvæmd fjallskila en landbúnaðarnefnd hefur gengt því hlutverki í Langanesbyggð hingað til.
Landbúnaðarnefnd ræddi um hlutverk fjallskiladeilda og hvort skynsamlegt sé að sameina fjallskiladeildirnar í eina deild. Ákveðið að senda með fjallskilauppgjöri 2012, bréf þar sem lagt verður til að fjallskiladeildirnar eystri og vestari verði sameinaðar m.a. vegna þess að þær eru ekki starfræktar og fjallskilin eru gerð upp í einu lagi. Bændum verði gefinn kostur á því að koma á framfæri athugasemdir þess efnis við landbúnaðarnefnd.
4. Fjallskilasamþykkt Langanesbyggðar. Farið yfir fjallskilasamþykktina sem er í gildi í Langanesbyggð í stórum dráttum. Farið yfir hvernig skynsamlegt sé að skipa fjallskilastjóra. Nefndin telur mikilvægt að skipa fjallskilastjóra sem fyrst og telja heppilegt að fjallskilastjóri sé utan landbúnaðarnefndar en starfi samt sem áður með nefndinni.
Sigríði skrifstofustjóra falið að gera drög að erindisbréfi fyrir fjallskilastjóra í Langanesbyggð og kanna hvernig fjallskilastjórar hafa verið skipaðir í öðrum fjallskiladeildum í kring.
5. Erindi frá sveitarstjórn. Á síðasta sveitarstjórnarfundi var erindi frá Marinó Jóhannssyni og Brynhildi Óladóttur vísað til landbúnaðarnefndar.
Erindið var í 5 liðum og ákvað landbúnaðarnefnd eftirfarandi bókun vegna þessa erindis.

Liður A: Á landbúnaðarnefndarfundi sem haldinn var 5. Febrúar 2013 var farið yfir drög að uppgjöri á fjallskilum fyrir árið 2012. Í framhaldi af því verða drögin send út til þeirra sem greiða fjallskil til yfirlestrar. Gefinn verður viku frestur til að koma ábendingum á framfæri. Í framhaldi af því mun landbúnaðarnefnd funda aftur og fara yfir athugasemdir ef einhverjar eru og í framhaldi af því senda út fjallskilin. Uppgjöri fyrir fjallskilin árið 2011 er lokið fyrir utan 1 aðila sem á eftir að greiða.

Liður B: Landbúnaðarnefnda telur sig ekki eiga að taka afstöðu til þess hvort leggja eigi nefndina niður og vísar því aftur til sveitarstjórnar. Hvað varðar fjallskiladeildirnar þá vísast í bókun nefndarinnar framar í fundargerðinni.

Liðir C, D og E: Landbúnaðarnefnd hefur ákveðið að kanna hvað bændur vilja gera varðandi fjallskiladeildir í Langanesbyggð. Sent verður bréf með fjallskilauppgjörinu þess efnis.

Landbúnaðarnefnd leggur til að stefnt verði að því að halda opinn landbúnaðarfund fyrir bændur. Telur landbúnaðarnefndin mikilvægt að halda slíkan fund og ræða landbúnaðarmál í Langanesbyggð. Tekin verður ákvörðun um þetta á næsta landbúnaðarnefndarfund.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl 18:40